

Sb. 471. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Flm.: Jón Helgason, Helgi Seljan, Salome Þorkelsdóttir, Karvel Pálmason,
Stefán Valgeirsson, Pétur Sigurðsson, Haraldur Ólafsson,
Arni Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hætta vínveitingum í veislum sínum.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á 93. löggjafarþingi og síðan endurflutt á tveimur næstu þingum, en náði þá ekki samþykki Alþingis. Í fyrsta skipti fylgdi tillögunni svofelld greinargerð:

„Stöðugt sigur á ógæfuhlið í áfengismálum Íslendinga. Andspyrna félaga og einstaklinga fær ekki rönd við reist. Opinberar skýrslur sanna almannaróm í þessu efni.

Að dómi flutningsmanna þessarar tillögu er fyllsta ástæða til þess, að ríkisvaldið gefi hér gott fordæmi í stað þess að kynna drykkjusiði við margvísleg tækifæri.“

Þessi orð eiga ekki síður rétt á sér í dag, þar sem þeir, er best þekkja til þessara mála, munu sammála um að þar hafi enn sigið á ógæfuhlið á þeim árum sem síðan hafa liðið. Þessa bitru staðreynd má segja að við séum daglega minnt á. Á sama tíma hafa lækna- og aðrir, sem mest vinna við að hjálpa þeim er áfengisneysla hefur komið á kné, birt sín rök og hvatningarorð um nauðsyn þess að draga úr áfengisneyslu. Meðal annars hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvatt allar þjóðir til að leita allra tiltækra leiða til að ná því markmiði.

Þrátt fyrir þau fjölmörgu og skýru rök gegn áfengisneyslunni, sem blasa við og ekki þarf að endurtaka hér, hefur neysla áfengis farið vaxandi hérlandis.

Það er skoðun okkar flutningsmanna þessarar tillögu, að mikinn þátt í því eigi það viðhorf, sem virðist mjög ríkjandi, að ekki sé hægt að koma saman til mann-

Sp. 472. Tillaga til þingsályktunar [240. mál]

um skipun nefndar er kanni vinnutíma launþega.

Flm.: Hákon Hákonarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd, er fái það verkefni að safna glöggum upplýsingum um hvernig raunverulegum vinnutíma hinna ýmsu starfshópa er háttáð. Sömuleiðis verði kannað hvernig vinnutíma er háttáð í hinum ýmsu byggðarlögum.

Í nefndinni skulu sitja tveir fulltrúar tilnefndir af ASÍ, einn frá BSRB, einn frá BHM og einn skipaður án tilnefningar af félagsmálaráðherra, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Leiði könnun þessi í ljós að vinnutími sé óhóflega langur skulu stéttarfélögin og atvinnurekendur taka upp viðræður sín í milli um hvort ekki sé unnt með betri skipulagningu á vinnustöðum að koma í veg fyrir að vinnudagur sé óhóflega langur.

Full ástæða er til að vara alvarlega við, af heilsufarsástæðum, að fólk vinni meira en átta tíma á sólarhring við margs konar störf.

Þá er einnig ástæða til að ætla að langur vinnudagur valdi vinnuleiða hjá fólki og neikvæðu viðhorfi til umhverfisins.

Eins og áður kemur fram er megintilgangur þessarar könnunar að leiða í ljós, hve langur vinnutíminn er í landinu, en einnig hefur þessi málsmeðferð þann megin-tilgang að hefja almenna umræðu í þjóðfélaginu um hvort ekki sé tímabært að taka þessi mál föstum tókum á breiðum grundvelli og athuga, hvort ekki sé unnt að ná með aukinni hagræðingu sömu afköstum á átta tímum og í dag nást með tíu tíma eða jafnvel lengri vinnudegi, og greiða þá sömu laun fyrir átta tímana og í dag er greitt fyrir tíu tíma.

Óhætt er að fullyrða, að reyndist unnt að skapa þau skilyrði, að almennt yrði ekki unninn nema átta stunda vinnudagur, mundi það skapa margs konar hagkvæmni og auka velliðan landsmanna.